

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Akureyri, 17. ágúst 2023  
UST202307-241/S.R.B.  
10.05.00

## Umsögn - umhverfismat framkvæmda og áætlana - Matsskyldufyrirspurn Laxós ehf.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 20. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna breytingar á framkvæmd Laxós ehf. Árskógssandi.

### Framkvæmdalýsing

Laxós ehf. áformar uppbyggingu seiðaeldisstöðvar á Árskógssandi við Eyjafjörð. Um er að ræða seiðaeldi á laxfiskum með allt að 1.200 tonna lífmassa.

Rekstaraðili hyggst byggja eldið upp í tveimur áföngum annars vegar smáseiðastöð og hins vega stórseiðastöð.

### Ferill málsins

Árið 2017 var framkvæmdin um 1.200 tonna eldi tilkynnt til Skipulagsstofnunar og var gefin út ákvörðun um matsskyldu þann 31. ágúst 2017. Var það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ákvörðun Skipulagsstofnunar var kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem staðfesti ákvörðun Skipulagsstofnunar þann 12. febrúar 2019.

Andstaða íbúa á Árskógssandi hefur verið vegna kynntra áforma um að áfangi sem yrði á landfyllingu eins og kynnt var í skýrslu og fjallað var um í ákvörðun Skipulagsstofnunar. Því hefur framkvæmdaraðili ákveðið að falla frá þeim áformum og flytja þá starfsemi sem átti að vera á landfyllingu á lóðir við Öldugötu 33 og 35 sem eru við hlið lóðar 31 sem gert var ráð fyrir að fyrsti áfangi eldisins yrði á.

### Niðurstaða

Framlögð skýrsla vegna breytingar á framkvæmd til matsskylduákvörðunar er að öllu leyti sú sama og áður hefur verið tekið ákvörðun um nema hér er fallið frá landfyllingu og starfsemin færð á samliggjandi lóðir. Fyrirkomulag fráveitu og losun frá eldinu verður með sama hætti.

Umhverfisstofnun telur að þessi breyting kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Steinar Rafn Beck Baldursson  
**sérfræðingur**

Hulda Soffía Jónasdóttir  
**sérfræðingur**

Jón Smári Jónsson  
Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Selfoss, 9. ágúst 2023  
Tilvísun: 2307585


## Efni: Umsögn Matvælastofnunar um breytingar á staðsetningu seiðaeldis Laxós á Árskógssandi, Eyjafirði

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn, dagsett 20. júlí 2023, vegna breytingar á staðsetningu seiðaeldis Laxós ehf. á Árskógssandi, Eyjafirði. Upphaflega var stefnt að því að annar áfangi framkvæmdarinnar yrði á landfyllingu á Árskógssandi, en breytingin felst í því að hætt er við þau áform og að áfangi 2 verði á lóðunum Öldugata 33 og 35 á Árskógssandi sem eru við hlið fyrsta áfanga sem er á Öldugötu 31. Stefnt er að því að þessar þrjár lóðir verði sameinaðar. Að öðru leiti er framkvæmdin samkvæmt fyrri matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Matvælastofnun gerir ekki athugasemdir er varða fisksjúkdóma og forvarnir gegn þeim og telur að góð grein sé gerð fyrir fiskheldni stöðvarinnar í tilkynningu. Stofnunin telur ekki ástæðu til þess að farið verði fram á umhverfismat m.t.t. útgáfu rekstrarleyfis, rekstrarleyfisskýrða eða sjúkdómavarna.

Virðingarfyllst,  
f.h. Matvælastofnunar



Karl Steinar Óskarsson  
Deildarstjóri fiskeldis



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

25. júlí 2023

## Laxós, sjógönguseiðastöð á Árskógsandi, Eyjafirði

### *Umsögn um tilkynningu um breytingu á framkvæmd til matskylduákvörðunar*

Með tölvupósti þann 20. júlí sl. óskaði Skipulagsstofnun umsagnar Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra um ofangreinda framkvæmd.

Tilkynning sem hér er til umsagnar er unnin af Laxós ehf. dagsett 5. Júlí 2023. Fram kemur að eftir andstaða íbúa varðandi landfyllingu hafi komið í ljós hafi orðið breyting á upphaflegum áformum varðandi staðsetningu 2. áfanga starfseminnar (sjógönguseiðaeldi) sem nú er fyrirhugað að verði á lóðum 33 og 35 við Öldugötu.

Að mati HNE er nægilega gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og vöktun og því er ekki talin ástæða til þess að framkvæmdin fari í umhverfismat. Fyrirhuguð framkvæmd er ekki háð starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.

Virðingarfyllt

F.h. Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
NORÐURLANDS EYSTRÁ**  
  
Leifur Þorkelsson  
heilbrigðisfulltrúi

Jakob Gunnarsson  
Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Akureyri, 17. ágúst 2023  
MÍ202308-0093/ 6.07 / S.G.

## **Breytingar á staðsetningu seiðaeldis Laxós. Umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun**

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 20. júlí. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða breytingu á framkvæmd sem kom til umsagnar hjá Minjastofnun Íslands, sjá umsögn dagsetta 17. maí 2017 (MÍ201705-0056/ 6.07 / K.M.) Sú breyting sem nú um ræðir snýr að breyttri staðsetningu stórseiðastöðvar.

Minjastofnun gerir ekki athugasemd við breytta staðsetningu en ítrekar að öðru leiti fyrri umsögn frá 2017. Að því gefnu að samráð verði haft við Minjastofnun Íslands um legu vatnlagna frá vatnstökustöðum að seiðaeldisstöðinni eins og að krafa er um í fyrri umsögn stofnunarinnar telur Minjastofnun Íslands að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Bent skal á að í 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skál Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra



**Skipulagsstofnun**  
**Laugavegi 166**  
**150 Reykjavík**

*Dalvík, 14. september 2023*  
*202204001/EIS*

**Efni: Vegna fyrirspurnar Skipulagsstofnunar um umsögn Dalvíkurbyggðar við tilkynningu Laxóss ehf. á Árskógssandi Dalvíkurbyggð.**

Undirrituð fyrir hönd Dalvíkurbyggðar tilkynnir hér með að skipulagsyfirvöld Dalvíkurbyggðar telja sig ekki geta fjallað um innsenda tilkynningu um breytingu á framkvæmd til matsskylduákvörðunar Skipulagsstofnunar sbr. 19. og 20. gr. laga nr. 111/2021 og kafla reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana sem dagsett er 5. júlí 2023 fyrr en erindi hefur borist frá lóðarhafa lóðanna nr. 31, 33 og 35 við Öldugötu á Árskógssandi um leyfi fyrir sameiningu lóðanna þriggja og formlegri sameingu lóðanna er lokið.

Dalvíkurbyggð mun senda Skipulagsstofnun umrædda umsögn þegar fyrrgreindu ferli er lokið.

Virðingarfyllst,

\_\_\_\_\_  
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir  
Sveitarstjóri





## Skipulagsstofnun

Borgartún 1b  
105 Reykjavík

### Laxós, sjógönguseiðastöð á Árskógssandi, umsögn

Vegagerðin hefur farið yfir Laxós, sjógönguseiðastöð á Árskógssandi, Eyjafirði, tilkynningu um breytingu á framkvæmd til matsskylduákvörðunar skv. ítrekunartölvupósti dags. 28.8.2023 og 11.9.2023.

Vegagerðin biðst velvirðingar á seinum svörum en upprunaleg beiðni finnst ekki í kerfi Vegagerðarinnar.

Vegagerðin telur að nægjanlega sé fjallað um þá þætti sem snúa að Vegagerðinni og að breytingin þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Í tilkynningu kemur fram að vatnsleiðsla muni liggja undir og meðfram Árskógssandsvegi 808. Sækja þarf um leyfi fyrir öllum lögnum innan veghelgunarsvæðis þjóðvega en Árskógssandsvegur er stofnvegur og er veghelgunarsvæði því 30 m frá miðlínu vegar til beggja átta. Sækja þarf um leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum mannvirkjum og framkvæmdum innan veghelgunarsvæðis. Á það við þótt framkvæmdir eða mannvirki séu í samræmi við samþykkt skipulag.

Síða 1/1

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Magnús Björnsson

Undirskrift





# HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfirði 22.09.2023

Mál:2023-09-058

Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna tilkynningar Laxós um breytingar á framkvæmd við sjógönguseiðastöð á Árskóssandi. Einkum er um er að ræða breytingar á tilhögun vatnstöku og aukning á endur nýtingu á vatni. Þar með verður dregið úr vatnstöku og vatnspörf.

Hafrannsóknastofnun gerði umsögn vegna þessarar framkvæmdar, til Skipulagsstofnunar, dagsett 15.07.2017. Í þeirri umsögn var gerður fyrirvari um áhrif vatnstöku á lífríki Þorvaldsdalsár, en mælingar sýndu að mælt lágmarksrennsli Þorvaldsdalsár var af svipaðri stærðargráðu og áætluð vatnstaka við ána. Sú breyting sem hér er gerð er í samræmi við fyrri athugasemdir og verður að teljast til minnkunar á umhverfisáhrifum.

Í tilkynningu framkvæmdaáðila er, að mati Hafrannsóknastofnunar, gert lítið úr lífríki Þorvaldsdalsár og tilvist þess. Byggt er á frjálslægri skoðun og vitnað til gamalla gagna og munnmæla. Telja verður að betur þurfi að standa söfnun gagna um ástand og byggja á niðurstöðum rannsókna líkt og bent var á í umsögn frá 2017.

Þar var bent á: *Eindregið er mælt með að gerð verði rannsókn á fiskstofnum á fiskgenga hluta Þorvaldsdalsár svo meta megi hvað þar geti verið í húfi nú. Gera þarf athugun á seiðaástandi árinna og öðru lífríki og á það við um tegundasamsetningu og þéttleika fiska og smádyra. Einnig töku og greiningu á erfðaeftni fiska sem þá myndi einnig nýtast til viðmiðunar vegna síðari vöktunar. Með innblöndun erfðaeftnis af eldisstofnum geta komið fram áhrif á íslenska laxa en sýnt hefur verið fram á að innblöndun eldislaxa hefur haft í för með sé breytingar á villtum laxastofnum. Þrátt fyrir búnað á frárennsli og góð fyrirheit er sú hættu fyrir hendi að lifandi fiskar sleppi frá seiðaeldisstöðvum. Reynt hár á landi hefur sýnt að svo sé í einhverjum mæli. Það svæði sem um ræðir í Eyjafirði hefur ekki áður verið nýtt til eldis á norskum eldislaxi og þarf að huga að áhrifum þess sérstaklega.*

Hafrannsóknastofnun telur að enn sé ástæða til að meta grunnástand lífríkis í Þorvaldsdalsá. Einnig að mikilvægt er að vakta vatnsgæði og lífríki á frárennissvæði eldisstöðvarinnar. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála er gert ráð fyrir að meta ástand út frá stöðu lífríkis á viðkomandi vatnshloti. Mikilvægt er að lífríki við frárennsli sé vaktað og að það viðhaldi góðu ástandi. Beitt verði viðurkenndum aðferðum við mælingar.

F.h. Hafrannsóknarstofnunar, rannsókn- og ráðgjafastofnun hafs og vatna

---

Guðni Guðbergsson



**HAFRANNSÓKNASTOFNUN**

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. september 2023  
Tilvísun: OS2023070078/22.2.0  
Skjalanr: 401083

## Efni: Matsskylda breytinga á staðsetningu seiðaeldis Laxós á Árskógssandi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags 20. júlí 2023, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um hvort og þá á hvaða forsendum stofnunin telji að fyrirhugaðar breytingar á áður tilkynntri staðsetningu mannvirkja sjógönguseiðastöðvar Laxóss á Árskógssandi, Eyjafirði, skuli háð umhverfismati með vísun til 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 og 9. gr. reglugerðar, nr. 1381/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, og að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum. Óskað er eftir því að í umsögn sé lagt mat á hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið Orkustofnunar.

Samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög), er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum. Með auðlindum er í lögunum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við. Grunnvatn er skv. auðlindalögum skilgreint sem vatn neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi. Nýting grunnvatns, hvort sem það er ferskt eða salt, kalt eða heitt er því háð framangreindu leyfi Orkustofnunar.

Í erindi framkvæmdaraðila kemur fram að þann 31. ágúst 2017 hafi Skipulagsstofnun tekið ákvörðun um að stækkun seiðaeldis Laxóss ehf., áfangi 1 og 2 þyrfti ekki að sæta mati á umhverfisáhrifum. Orkustofnun veitti umsögn um þá matsskyldufyrirspurn, með bréfi dags. 23. maí 2017. Í umsögninni kom fram að Laxós ehf. hefði sótt um leyfi til nýtingar á 120 l/s af grunnvatni, en að málið væri í biðstöðu á þeim tíma meðan umsækjandi endurskoðaði ákveðna þætti málsins. Orkustofnun bárust engin frekari gögn varðandi það mál. Sækja verður um nýtt nýtingarleyfi með þeim breytingum sem nú eru áformuð, og að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram höfðu komið.

Þær breytingar sem tilgreindar eru í greinargerð framkvæmdaraðila eru ekki að öðru leyti þess eðlis að þær kalli á frekari viðbrögð Orkustofnunar en tilgreind voru í fyrrgreindri umsögn. Stofnunin tekur ekki afstöðu til þess hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati.

Virðingarfyllst,  
f.h. orkumálastjóra

Kristján Geirsson  
sviðsstjóri  
*Rafræn undirskrift hér að neðan*